

# HJARTAVERND



31. ÁRGANGUR  
2. TÖLUBLAÐ DESEMBER 1994

## **Meðal efnis:**

*Erfðabættir hjarta og æðasjúkdóma*  
Guðmundur Þorgeirsson, formaður  
Rannsóknarstjórnar Hjartaverndar

*Erfðarannsóknir – Nýir möguleikar*  
Reynir Arngrímsson, læknir

## *Blámi í börnum*

*Laufey Ýr Sigurðardóttir, læknir og*  
*Hróðmar Helgason barnasérfræðingur*

## *Ný sjónarmið við meðferð* *á æðakölkun*

Helgi Júlíus Óskarsson, hjartasérfræðingur

## *Ársskýrsla Hjartaverndar*

Magnús Karl Pétursson, formaður Hjartaverndar

## *Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar* *Hjartaverndar*

Nikulás Sigfússon, yfirlæknir

## *HL-stöðin 5 ára*

Björn Magnússon, yfirlæknir

# HJARTAVERND



## 31. ÁRGANGUR 2. TÖLUBLAÐ DESEMBER 1994

**Útgefandi:**

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaganna á Íslandi

**Ritstjórn:**

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júlíusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

**Ritstjóri:**

Sigurður Helgason

**Afgreiðsla blaðsins:**

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð, sími 813755

**Setning, umbrot, filmuvinna og prentun:**

Svansprent hf.

**Kápumynd:** Þóra Friðriksdóttir, leikkona.**Efni:**

Konur og hjartasjúkdómar .....	1
Arfleiddi Hjartavernd .....	2
Kransæðasjúkdómar hjá konum .....	3
Hjarta- og æðasjúkdómar. Erfðapættir .....	6
Enn um konur og kransæðasjúkdóma .....	12
Njótið lífsins .....	15
Hjartaöng (Angina Pectoris) .....	16
Reykingar kvenna .....	20
Hjarta- og æðasjúkdómar hjá konum – hormónagjöf .....	22
Hjartaendurhæfing í Hveragerði .....	25
Hressar konur og karlar .....	26
Þakkaður góður fjárstuðningur .....	27

Tímarit Hjartaverndar er að þessu sinni helgað kransæðasjúkdómum hjá konum. Meðal karla er kransæðasjúkdómur langalgengasta dánarorsökin, en hjá konum er það krabbamein. Kransæðasjúkdómur er þó næstalgengasta dánarorsök kvenna og veldur um 19% dauðsfalla, auk þess alvarlega heilsubreysts, sem sjúkdómur þessi getur haft í för með sér.

Það sem vekur athygli við kransæðasjúkdóma hjá konum er samband þeirra við tíðahvörf. Fyrir tíðahvörf eru þetta tiltölulega sjaldgæfir sjúkdómar en eftir tíðahvörf fer tíðnin

ört vaxandi og í efstu aldurshópum er hún svipuð og meðal karla. Sömuleiðis er konum sem eggjastokkar hafa verið teknir úr mun hættara við þessum sjúkdómi. Það hafa því eðlilega vaknað þær spurningar hvort hægt væri að fyrirbyggja sjúkdóminn með gjöf kvenhormóna eftir tíðahvörf. Aðallega hefur athyglin beinst að gjöf estrogena, en vitað er að þau efni örva HDL-kólesteról framleiðslu sem er verndarþáttur kransæðasjúkdóma gagnstætt LDL-kólesteróli sem er áhættuvaldur. Auk þessa lækka þessi efni blóðþrýsting, minnka insúlín-mótstöðu í frumum og

hafa hagstæð áhrif á storkukerfi blóðsins, en allt þetta dregur úr líkum kransæðasjúkdóms. Rannsóknir sem gerðar voru á konum 40-69 ára og gefið var estrogen a.m.k. í 8,5 ár sýndu 58% lækun á dauðsföllum vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Stærri rannsóknir eru nú í gangi sem vonandi munu skýra þessi mál betur. Það er þó vitað að tíðni krabbameins í brjóstum

er algengari hjá konum sem fá þessa hormónameðferð og því hafa lækningar hikað við að mæla almennt með henni þar til frekari rannsóknir liggja fyrir. Þegar skoðaðar eru þær rannsóknir sem gerðar hafa verið virðist áhættan þó ekki vera það mikil að hún vegi upp á móti þeim kostum sem af henni hljótaskast. Þess ber að geta að þessi meðferð á ekkert skylt við gjöf getnaðarvarnalyfja hjá konum á frjósemisaldri, en þau innihalda östrogenlík efni í mun hærri skömmtum. Um áhrif estrogen-progestogen blöndu sem er í mörgum lyfjum sem nú eru notuð vegna tíðahvarfa er minna vitað.

Áhættuþættir kransæðasjúkdóma kvenna virðast að öðru leyti vera þeir sömu og meðal karla. Rannsóknir Hjartaverndar hafa sýnt að kólesteról magn í blóði kvenna undir fimmtugu

er lægra en hjá körlum, en eftir fimmtugt snýst þetta við. Háþrýstingur er sömuleiðis algengari meðal yngri karla en kvenna, en eftir miðjan aldur jafnast þessi munur út að mestu leyti. Þetta hvort tveggja kemur vel heim við þá staðreynd að konur fá sjúkdóminn síðar á ævinni en karlar.

Bæði blóðfita og blóðþrýstingur hafa lækkað meira hjá konum en körlum á sl 20 árum. Það vekur því athygli að þrátt fyrir það hefur dánartíðni vegna kransæðasjúkdóms lækkað mun minna hjá konum en körlum. Orsökina kann að vera sú að konur hefur ekki tekist jafnvel og körlum að hætta reykingum. Árið 1968 reyktu fleiri karlar en konur, en 1988 hafði þetta snúist við og hlutfall kvenna sem reyktu var 28,6% á móti 25,4% karla. Það hefur einnig komið fram í rannsóknum

Hjartaverndar hve gífurlega sterkur áhættuþáttur reykingar eru hjá konum, en meira en sjöföld áhættuaukning á kransæðasjúkdómum er hjá stórreykingakonum miðað við þær sem aldrei hafa reykt. Hér þarf að bæta um betur og hefja markvissan áróður og fræðslu, meðal kvenna sérstaklega, um hin skaðlegu áhrif reykinga.

Á síðustu árum hafa konur haslað sér æ víðari völl í lækisfræði. Þetta kann að breyta áhersluatriðum í rannsóknum og lækningum sjúkdóma í framtíðinni. Það er vel að konur eru aðalhöfundar að tveimur athyglisverðum greinum um rannsóknir á kransæðasjúkdómum kvenna sem birtast nú í tímariti Hjartaverndar.

*Magnús Karl Pétursson.  
Formaður Hjartaverndar.*

## Arfleiddi Hjartavernd að tveimur milljónum

Jónas Ásgeirsson, Miklubraut 50, Reykjavík lét eftir sinn dag þann 25. des. 1992 í erfðaskrá tvær milljónir til Hjartaverndar. Í nokkrum orðum verður rakinn lífsferill hans.

Jónas Ásgeirsson fæddist á Stokkseyri 13. feb. 1907. Foreldrar hans voru Ásgeir Jónasson, sjómaður, og Þorbjörg Guðmundsdóttir. Börnin voru átta, fimm systur og þrjú bræður.

Jónas stundaði í um 25 ára skeið almenna verkamannavinnu og sjómennsku á Stokkseyri og í Vestmannaeyjum. Hann var einn af aldarmótakynslóðinni og var uppfullur af margvíslegum áhugamálum á

ýmsum sviðum sem auðgaði andann t.d. tónlist, leiklist og bóklestri. Hann tók á þessum árum þátt í störfum karlakóra og var sagður leikari af guðs náð.

Jónas Ásgeirsson flyst til Reykjavíkur 1946 og starfaði samfelld hjá Hitaveitu Reykjavíkur í tæp 20 ár og síðan hjá Osta- og Smjör-sölnunni í fjölmörg ár. Hann tók virkan þátt í störfum Samkórs Reykjavíkur, Tónlistarfélagskórsins og Alþýðurkórsins undir stjórn dr. Hallgréims Helgasonar. Jónas var sjálfmenntaður í músikfræðum og hafði óvenju næmt tóneyra og hann hefur og samið nokkur falleg lög.



*Jónas Ásgeirsson*

Jónas var alla tíð hugsjónarmaður og vildi bæta lífsskjör fólks og koma á fegurra mannlífi.

Stjórn Hjartaverndar vill þakka rausnarleg gjöf hans. Blessuð sé minning Jónasar Ásgeirssonar.

*H.K.*

*Hildur Thors, læknir  
Ragnar Danielsen, hjartasérfræðingur:*

# Kransæðasjúkdómur hjá konum

## INNGANGUR


Kransæðasjúkdómur hefur löngum verið talinn sjúkdómur karlanna og þá sérstaklega hins feita og streitta manns. Hefur þessi ímynd ráðið ríkjum í vinnu fræðimanna og sérfræðinga í hjartasjúkdómum og hefur hlutur kvenna í rannsóknum oft verið lítill. Heberden, breskur læknir sem um miðja 18. öld lýsti kransæðasjúkdómi og meðferð við honum, taldi að konur væru verndaðar fyrir kransæðasjúkdómi. Á þeim tíma var meðalaldur mun lægri en nú og fáar konur náðu því að verða fimmtugar, en upp úr því fer tíðni kransæðasjúkdóma nú á dögum vaxandi meðal kvenna og fer að nálgast tíðni meðal karla. Framingham rannsóknin sem gerð var í Bandaríkjunum upp úr 1950 sýndi fram á mikinn kynjamun. Konur voru að jafnaði 10 árum eldri en karlar þegar fyrstu brjóstverkirnir byrjuðu og um 20 árum eldri þegar þær fengu kransæðastíflu. Það voru líka minni líkur á því að konurnar fengju kransæðastíflu, 14% þeirra fengu kransæðastíflu á fimm ára tímabili eftir fyrstu einkenni um brjóstverk á meðan að 75% karlanna fengu kransæðastíflu. Af þessu var dregin sú ályktun að kransæðasjúkdómar hjá konum hlyti að vera saklaust fyrirbæri. Hins vegar kom einnig í ljós að horfur kvenna eftir kransæðastíflu voru verri en karla, sama hvort beitt var lyfjameðferð eða skurðaðgerðum, og dánartíðni reyndist

vera hærri. Konurnar eru yfirleitt eldri þegar þær fá skýr einkenni um sjúkdóminn og þá oft með ýmsa aðra langvinna sjúkdóma, svo sem sykursýki, en einnig getur verið að töf í greiningu og meðferð geri horfur þeirra verri. Í erlendum rannsóknum hafa verri horfur kvenna eftir kransæðaaðgerð þó ekki verið skýrðar með kynjamun eingöngu. Konurnar hafa jafnan verið eldri er þær koma til aðgerðar og í samanburði við karla eru þær smá vaxnari og hafa minna líkamsyfirborð. Hið síðara leiðir til þess að þvermál kransæða hjá konum er að meðaltali minna en hjá körlum er gerir aðgerðina tæknilega erfiðari.

Fullnægjandi upplýsingar um mismunandi horfur kvenna og karla eftir kransæðaaðgerð liggja ekki fyrir hér á landi. MONICA-rannsóknin í Hjartavernd, er nær til íslenskra karla og kvenna á aldrinum 25-74 ára á árunum 1981-90, sýnir hins vegar að dánartíðni kvenna eftir kransæðastíflu er marktækt lægri en hjá körlum. Önnur rannsókn vakti athygli á því að brjóstverkir hjá konum virtust eiga sér mun fjölbreyttari orsakir en hjá körlum. Niðurstöður hjartaþræðinga sýndu að í 50% tilvika voru konur með brjóstverki ekki með kransæðasjúkdóm en það var einungis í 17% tilvika hjá körlum. Það hefur sýnt sig að rannsóknir til greiningar eru oft á tíðum erfiðari í túlkun hjá konum en körlum og niðurstöður ekki eins ábyggilegar. Það er því mjög mikilvægt að fá fram



*Hildur Thors*



*Ragnar Danielsen*

góða sjúkrasögu og lýsingu á verkjum til þess að greina kransæðasjúkdóm frá öðrum orsökum brjóstverkja.

## ÁHÆTTUÞÆTTIR

Þeir þættir sem taldir eru hafa áhrif á myndun kransæðasjúkdóma hjá konum eru flestir þeir sömu og hjá körlum. Það eru sykursýki, háþrýstingur, há blóðfita, en þó sérstaklega eru það reykingar sem virðast vera meiriháttar áhættuþáttur fyrir kransæðastíflu og skyndidauða hjá konum. Það vekur því ugg að reykingar eru að verða algengari meðal ungra kvenna og það eru frekar karlmenn sem dregið hafa úr reykingum

sínum. Áhrif kvenkynshormóna virðast mikil til verndar gegn kransæðasjúkdómum. Samsetning blóðfitunnar verður hagstæðari, verndandi hluti kólesterólsins (HDL) hækkar hlutfallslega, fastandi blóðsýkur lækkar og stundum sjást blóðþrýstingslækkingandi áhrif. Talið er að hætta á að fá kransæðasjúkdóm geti lækkað um allt að helming hjá heilbrigðum konum eftir tíðahvörf ef þær nota hormónalyf. Á móti kemur að hormónar geta ýtt undir myndun brjóstakrabbameins og legkrabbameins svo að hjá hverri konu fyrir sig er nauðsynlegt að veða og meta áhættuna. Það eru ekki til nægilega góðar rannsóknir enn til að geta gefið ráð um almenna notkun hormónalyfja.

## KYNJAMUNUR Á ÍSLANDI


Á síðustu árum hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að konur hafa síður gengist undir skurðaðgerðir og æðaútvíkanir en karlar þrátt fyrir kransæðasjúkdóm á jafn háu stigi. Ekki er vitað hvernig á þessum mun stendur, ef til vill sætta konur sig betur við sín einkenni og haga sér samkvæmt þeim. Einnig má vera að læknar hvetji konur síður til slíkra aðgerða á grunni hinna gömlu hugmynda um að kransæðasjúkdómur hjá konum sé saklaus sjúkdómur. Því var ákveðið að kanna hvernig málum væri háttáð hér á Íslandi. Allir sjúklingar sem komu til hjartaþræðingar vegna gruns um kransæðasjúkdóm gengu inn í rannsókn sem fór fram á Landspítalanum á árunum 1991-92. Stóð rannsóknin í rúmt eitt ár og náði til 127 kvenna og 340 karla. Voru allir sjúklingarnir spurðir út í sjúkrasögu og hvaða þekktir áhættuþættir væru til staðar. Blóðrannsóknir voru gerðar m.t.t. hvaða þættir sýndu tengsl við kransæðasjúkdóm. Síðan voru niðurstöður hjartaþræðingar og kransæðamyndatöku skráðar fyrir hvern sjúkling.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna á ýmsan hátt hvernig kransæðasjúkdómur karla og kvenna er mismunandi og hvernig sjúkdómurinn birtist. Hóparnir voru mjög sambærilegir með tilliti til aldurs og tímalengdar einkenna. Meðalaldur var um 60 ár og að jafnaði höfðu einkenni staðið í 3 ár áður en hjartaþræðingin var gerð. Í rúmlega helmingi tilvika bæði hjá konum og körlum var ástæða fyrir hjartaþræðingunni sú að sjúklingurinn var með brjóstverki sem líktust mjög einkennum kransæðaþrengsla, stöðugri hjartaöng. Einnig komu til þræðinga sjúklingar með mjög mikil einkenni sem taldir voru í yfirvofandi hættu um að fá kransæðastíflu, kynjahlutfallið var mjög áþekkt í þeim hóp. Hluti sjúklinganna kom til hjartaþræðingar vegna óljósra einkenna sem ekki voru dæmigerð fyrir kransæðasjúkdóm en vöktu þó vissan grun um slíkt. Í þann hóp féll 20%

kvennana en 15% karlanna. Tveir sjúklingar af hverjum þremur höfðu gengist undir áreynslupróf áður en til hjartaþræðingarinnar kom. Slíkt próf gefur hugmynd um það hvort súrefnisskortur verður í hjartanu við aukið álag en það bendir til kransæðaþrengsla. Karlarnir töldust nær allir hafa jákvæða niðurstöðu (þ.e. merki um súrefnisskortur í hjartanu) úr prófinu en niðurstaða hjá konunum var óvissari. Kemur þetta heim og saman við rannsóknir erlendis frá þar sem sýnt hefur verið fram á að túlkun áreynsluprófa hjá konum er mun erfiðari og óvissari en hjá körlum. Áhættuþættirnir voru

mjög svipaðir. Helmingur sjúklinganna hafði sögu um kransæðasjúkdóm hjá nánum ættingjum. Fleiri konur voru með háþrýsting en það getur verið að læknar sendi konur frekar í hjartaþræðingu ef háþrýstingur er til staðar en ekki. Sykursyki voru mjög fáir með. Fleiri karlar reyktu en fleiri konur höfðu sögu um migren.

Niðurstöður úr hjartaþræðingunni voru þær að 49% kvennanna höfðu ekki marktæk kransæðaþrengsli þrátt fyrir þessi einkenni. Hjá körlunum



*Mynd 1. Eðlilegt útlit vinstri kransæðar við hjartaþræðingu.*

voru það einungis 16% sem ekki voru með merki um þrengsli. Eru þessar niðurstöður sambærilegar niðurstöðum úr erlendum rannsóknum. Einnig var litið á hvernig niðurstöður hjartaþræðingarinnar komu út eftir hinum mismunandi ástæðum fyrir þræðingunni. Þeir karlar sem rannsakaðir voru vegna einkenna sem töldust vera stöðug hjartaöng voru í 76% tilvika með þrengsli í kransæðum á mismunandi stigi, konur í 49% tilvika. Þeir karlar sem höfðu óljós einkenni sem vöktu grun um kransæðasjúkdóm voru í 52% tilvika með marktækan sjúkdóm en konur einungis í 25% tilvika. Þess-



**Mynd 2.** Örin bendir á þrengsli ofarlega í framveggskvísl vinstri kransæðar.

ar niðurstöður sýna vel hve erfitt er að spá fyrir um kransæðasjúkdóm hjá konum en þó má draga þá ályktun að ef einkenni eru ekki skýr þá séu litlar líkur á því að um kransæðasjúkdóm sé að ræða.

Hefðbundið áreynslupróf virðist lítið hjálpa til greiningar hjá konum. Af þeim konum sem töldust með jákvætt próf, þ.e. prófið gaf grun um súrefnisþurrð í hjartanu, var aðeins helmingur með merki um þrengsli í kransæðum við hjartaþræðingu. Neikvætt próf eða óákveðið var hins vegar mun marktækara þannig að yfirleitt var þá ekki um kransæðasjúkdóm að ræða. Hjá körlunum hafði áreynsluprófið betra forspárgildi, aðeins 12% þeirra sem voru með jákvætt próf voru ekki með sjúkdóm. Ef prófið var talið neikvætt eða óákveðið voru hins vegar helmingss líkur á því að karl hefði einhvern kransæðasjúkdóm en yfirleitt vægan. Til er önnur gerð af áreynsluprófi þar sem notað er geislavirkt efni og fylgst með upptöku þess í hjartavöðvann við áreynslu. Virðist þetta próf vera ná-

kvæmara til greiningar en það hefðbundna og gildir það sérstaklega fyrir konur. Er þetta próf mjög lítið notað enn sem komið er hér á landi. Ýmsar nýjar rannsóknaraðferðir eru nú að ryðja sér til rúms svo sem áreynsluhjartaómun er virðist lofa betri árangri en hefðbundna áreynsluprófið.

Þeir áhættuþættir sem reyndust hafa mest tengsl við kransæðasjúkdóm samkvæmt okkar rannsókn voru reykingar, en sterk fylgni kom fram milli þess að reykja eða hafa reykt og þrengsla í kransæðum. Einnig sýndi sig að þeir sjúklingar sem höfðu sögu um mígren (yfirgnæfandi konur) voru flestir með eðlilegar kransæðar samkvæmt hjartaþræðingu þrátt fyrir brjóstverki. Er talið að þessir sjúklingar gætu verið með einhvers konar krampa í kransæðunum sem valdi brjóstverkjum. Hefur þessi sjúkdómsmynd gengið undir nafninu „Syndrome X“, er algengari hjá konum, og talin geta skýrt að hluta til brjóstverki meðal kvenna. Blóðrannsóknir sem gerðar voru benda eindreg-

ið til þess að blóðfitusamsetningin er mikilvægur áhættuþættur fyrir kransæðasjúkdómi. Því hærra sem hlutfall HDL-kólesteróls af heildarkólesteróli var, því minni reyndust líkur á kransæðapregslum.

## NIÐURLAG

Kransæðasjúkdómur meðal kvenna er staðreynd sem enginn getur leyft sér að horfa fram hjá. Hann virðist aftur á móti vera erfiðari í greiningu en hjá körlum og þær rannsóknir sem við búum yfir nú eru ekki nógu góðar til aðgreiningar frá öðrum orsökum brjóstverkja hjá konum. Mismunagreiningar brjóstverkja eru margar og það er í færri tilvikum um kransæðasjúkdóma að ræða sem orsök hjá konum en körlum. Það má ekki valda því að læknar taki einkenni kvenna lausari tökum en einkenni karla. Góð sjúkrasaga og lýsing á verkjum eru mjög mikilvæg til greiningar á orsökum brjóstverkja ásamt mati á áhættuþáttum. Með því móti ætti að vera hægt að fækka neikvæðum, þ.e. eðlilegum hjartaþræðingum hjá konum. Samkvæmt rannsókn okkar er ekki gerður kynjamunur eftir að örugg greining liggur fyrir og sýnt hefur verið fram á kransæðasjúkdóm. Bæði karlar og konur hljóta sömu meðferð við sínum sjúkdómi eftir því á hvaða stigi hann er.

## HEIMILDIR:

Wenger et al. Cardiovascular health and disease in women. *N Engl J Med* 1993;329:247-256.

Ayanian et al. Differences in the use of procedures between women and men hospitalized for coronary heart disease. *N Engl J Med* 1991;325:221-5.


Azmi et al. Association of hormone-replacement therapy with various cardiovascular risk factors in postmenopausal women. *N Engl J Med* 1993;328:1069-75.

Williams et al. Comparison of exercise echocardiography with an exercise score to diagnose coronary artery disease in women. *Am J Cardiol* 1994;74:435-8.

Reynir Arngrímsson, læknir

# Hjarta- og æðasjúkdómar. Erfðaþættir

Það er vel þekkt að sumir sjúkdómar eru eingöngu háðir áhættuþáttum í umhverfi mannsins. Má í því sambandi nefna sýkingar og eitranir. Aðrir sjúkdómar eru tilkomnir vegna erfðagalla og eru þá margir einstaklingar í sömu fjölskyldu haldnir sama sjúkdómi.



**Mynd 1.**

Í kjarna hverrar frumu eru allar upplýsingar um uppbyggingu lífveru geymdar. Erfðaefnið er gert úr sameindum sem kallast kjarnsýrur (DNA). Hver sá hluti kjarnsýrunnar sem geymir upplýsingar um uppbyggingu og framleiðslu prótína kallast gen. Í mörgum er 100 þúsund genum raðað á 23 litninga. Hver einstaklingur hefur tvö eintök af hverjum litningi eða 46 litninga alls. Annað eintakið hefur erfst frá móður og hitt frá föður. Kynlitningar eru tveir, X og Y. Karlar hafa XY og konur XX.

Erfðasjúkdómar skipta þúsundum en eru hver um sig sjaldgæfir.

Mörg náttúrufrýrbæri einkennast af samspili þessara tveggja meginafla: erfða og umhverfis. Er þá talað um margþátta frýrbæri eða eiginleika. Margþátta eiginleikar skýra vel hæð og greind. Hæð barna ákvarðast að verulegu leyti af hæð foreldra þeirra, en meðalhæð þjóðarinnar hefur farið vaxandi á undanförunum áratugum. Þessa hæðaraukningu má rekja til bættis heilsufars og fjölbreyttara fæðis. Margir sjúkdómar lúta sömu lögmálum. Vel flestir þekkja að fjölskyldutilhneigingar gætir í mörgum sjúkdómum, til dæmis kransæðasjúkdómi, háum blóðþrýstingi, sykursýki og krabbameini. Rannsóknir hafa beinst í auknum mæli að því að öðlast skilning á slíkum frýrbærum. Fram til þessa hefur mest áhersla verið lögð á að öðlast skilning á þeim umhverfisþáttum sem hafa áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma. Þar á meðal áhrif reykinga, kyrrsetu og mataræðis.

Á síðast liðnum fimm árum hefur athyglin í auknum mæli beinst að áhrifum erfða. Í þessari grein verður gerð grein fyrir hinum ýmsu gerðum erfðasjúkdóma, allt frá eingena Mendeliskum sjúkdómum, sem eru í eðli sínu sjaldgæfir og finnast í fáum fjölskyldum, til margþátta sjúkdóma þar sem arfbreytileiki fremur en erfðagalli getur aukið líkur einstaklings eða hóps á ákveðnum sjúkdómum. Reikna má með að um 2-5% þjóðarinnar veik-



Reynir Arngrímsson


ist af sjúkdómum sem rekja má beint eða óbeint til erfðagalla eða arfbreytileika einstaklingsins (tafla 1).

## GERÐIR ERFÐASJÚKDÓMA

Gen eru hin starfræna eining erfðafnisins. Þau geyma upplýsingar um byggingu og gerð prótína líkamans. Áætlað er að í mannlíkamanum séu að minnsta kosti 100 þúsund gen en aðeins um 3000 eru þekkt að einhverju leyti 1. Genin eru tengd saman og mynda litninga sem skoða má með venjulegri smásjá. Genunum er skipað eins og perlum á bandi á hverjum litningi. Hver heilbrigður einstaklingur erfir 23 litninga frá hvoru foreldri og hefur því alls 46 litninga eða tvo af hverri gerð (mynd 1).

Hinir hefðbundnu erfðasjúkdómar orsakast af galla í einstökum genum. Þau geta erfst samkvæmt ákveðnum lögmálum sem fyrst var lýst af prestinum Gregor Mendel (1822-1884). Slíkar erfðir eru því oft kallaðar Mendeliskar erfðir (mynd 2). Ákveðin og vel skilgreind erfðamynstur sjást því í fjölskyldum þar sem eingena erfðagalli er til staðar.

Nokkur dæmi um eingena sjúkdóma sem leggjast á hjarta- og æðakerfi eru talin upp í töflu 2. Þar að auki má geta



**Mynd 2.** Fjölskylda þar sem galli í einu geni veldur erfðasjúksómi. Hér er sýnt dæmi um ríkjandi erfðir. Allir einstaklingar sem erfð hafa erfðagallann (sýnt sem skyggði í myndinni) veikjast og sjá má sjúka einstaklinga í fleiri en einni kynslóð. Hlutfall veikra og heilbrigða einstaklinga er oftast 1:1. Önnur þekkt erfðamynstur eru víkjandi erfðir, þar sem sjúkdómurinn sést yfirleitt aðeins í einni kynslóð. Báðir foreldrar eru þá einkennalausir arfberar. Kynbundnar erfðir koma fram sem veikindi á meðal karla en komur (mæður og helmingur systra) eru einkennalausir arfberar.

Þess að nýlega eru hafnar rannsóknir á stórríslenskri fjölskyldu þar sem fjölskyldumeðlimir eru fæddir með veikleika í ósæð líkamans. Getur það leitt til þess að gúll myndast á æðinni sem getur brostið. Markmið rannsóknarinnar er að einangra hið gallaða gen. Myndi það ekki eingöngu koma fjölskyldunni til góða heldur fæst líka dýrmæt þekking á þeim þáttum sem nauðsynlegir eru í uppbyggingu heilbrigðs æðaveggjar. Um það bil 1-2% karla deyja vegna æðagúlsbrests án þess að hafa fjölskyldusögu um þennan veikleika og hefur dánartíðnin tuttugufaldast síðan 1950. Niðurstöðurnar gætu því haft víðtæka þýðingu.

## ERFÐAÞÆTTIR Í ALGENGUM SJÚKDÓMUM

Margir sjúkdómar lúta lögmálum margþátta eiginleika 3,4,5. Í þessum kafla er gerð grein fyrir því líkani sem stuðst er við til að skýra slík fyrirbæri. Líkanið gerir ráð fyrir að samspil eins eða fleiri gena og umhverfisþátta stjórni ýmsum náttúrufyrirbærum s.s. blóðþrýstingi 6. Þegar litið er


til þjóðfélagsins í heild kemur í ljós að blóðþrýstingur hefur nokkurn veginn normaldreifingu. Þeir sem falla í hóp þeirra sem hafa hæstu blóðþrýstingsgildin hafa meiri hættu á að veikjast af ýmsum alvarlegum kvillum, til dæmis kransæðasjúkdómi og heilablóðfalli, borið saman við þá sem hafa lágan blóðþrýsting. Hár blóðþrýstingur er því ástand sem rétt þykir að meðhöndla. Flestir þegar þjóðfélagsins hafa „lágan blóðþrýsting“ og falla ekki í áhættuhópinn. Veruleg samsvörun er á milli blóðþrýstings foreldra og barna sem rekja má til arfgerðar. Stjórnun á blóðþrýstingi er flókið líffræðilegt ferli sem er háð starfsemi og víxlverkun margra gena.

Hinsvegar er hann einnig háður umhverfisþáttum, s.s. mataræði og lífsstíl. Líkur þess að „þjást af“ hækkuðum blóðþrýstingi eru þess vegna bæði háðar erfðum og umhverfi og getur vægi hvors um sig verið mismunandi á milli einstaklinga. Einstaklingar með ákveðna arfgerð og/eða þeir sem verða fyrir ákveðnum umhverfisþáttum falla því á áhættuhóp

sem er skilgreindur sem í blóðþrýstingi ofan ákveðinna marka 3,4,5 (mynd 3a). Ættingjar þeirra sem veikir eru hafa meiri líkur á að veikjast en almennt gerist í þjóðfélaginu, þar sem þeir hafa erfð svipaða arfgerð og hinn veiki (tafla 3). Stærra hlutfall afkomenda þeirra sem hafa háan blóðþrýsting fellur því í áhættuhóp (mynd 3b). Í sjúkdómum eins og háum blóðþrýstingi má þess vegna oft sjá ákveðna fjölskyldutilhneigingu án þess að ákveðið Mendelískt erfðamynstur komi fram.


## ERFÐARANNSÓKNIR Á HÁUM BLÓÐÞRÝSTINGI

Rannsóknir á arfbreytileika sem getur stuðlað að háum blóðþrýstingi eru mikilvægar. Niðurstöður þeirra auka skilning á eðli þeirra þátta sem hafa áhrif á stjórnun blóðþrýstings og geta leitt til nýrrar meðferðar. Leit að blóðþrýstingsgenum eru því ofarlega á



**Mynd 3.** Blóðþrýstingur hefur normaldreifingu á meðal þjóðarinnar. Einstaklingar með blóðþrýsting ofan ákveðinna marka falla í áhættuhóp. Blóðþrýstingur ákvarðast af arfgerð og umhverfisþáttum. Ættingjar hafa líka arfgerð svo stærra hlutfall þeirra er ofan áhættumarka.






**Mynd 4.**

Fjölskyldur hafa mismunandi arfgerð. Þeir sem hafa arfgerð sem tengist hækkuðum blóðþrýstingi (skyggðir á myndinni) falla ofan áhættu-marka. Ef breytileiki í ákveðnu geni stuðlar að sjúkdóminum finnst hann oftast hjá veikum systkinum en heilbrigðum. Rannsóknir á veikum systkinapörum er hornsteinn rannsókna á erfðabáttum í algengum sjúkdómum.

forgangslista þeirra sem vinna að kortlagningu á erfðamengi mannsins.

Kapp er lagt á kortlagningu blóðþrýstingsgena, bæði í mönnum og dýrum. Hönnun rannsókna á mönnum byggir á einföldum náttúrulegum s.s. að líkur þess að systkini erfi sama



**Mynd 5.**

Niðurstöður rannsókna á arfbreytileika í ACE-geni hjá 10 einstaklingum. Með nýrri erfðatekni má margfalda hluta erfðafnisins milljónfalt og skoða þannig nákvæmlega mismunandi arfbreytileika. Þessi tækni er grundvöllur kortlagningar á erfðafni mannsins. Hér hefur hluti ACE-gensins verið fjölfaldað. Tvö afbrigði sjást á myndinni, I og D. Einstaklingar geta haft DD (nr. 4,7,10), DI (nr. 3,6,9) eða II (nr. 1,2,5,8) afbrigði. Þeir sem erfi hafa DI afbrigðið framleiða að jafnaði meira af ACE-hvatanum og þeir sem eru DD framleiða mest. Nýlegar rannsóknir hafa bent til fylgni við D afbrigði gensins og hættu á að fá kransæðasjúkdóm.

gen frá foreldrum eru að jafnaði 50%. Í handahófskenndu úrtaki finnst því sami arfbreytileiki á meðal helmingssystkinapara. Stuðli arfbreytileikinn að ákveðinni sjúkdómsmynd finnst hann oftast á meðal systkina sem bæði eru veik. Í hópi systkina sem hafa háan blóðþrýsting má rannsaka hvort ákveðinn arfbreytileiki sýni tengsl við sjúkdómsmyndina eða hvort um handahófskennda dreifingu er að ræða 7 (mynd 4). Í kjölfar slíkra rannsókna fylgja gjarnan stærri fjölskyldurannsóknir. Hægt er þá að meta að hvaða leyti blóðþrýstingur stjórnast af þessum ákveðna arfbreytileika.

Nýlega birtu franskir og bandarískir vísindamenn niðurstöður rannsókna á systkinapörum með háan blóðþrýsting 8. Þær bentu til sterkra tengsla við arf-

breytileika í geni angiotensinogens á litningi 1. Þetta gen skráir prótínboðefni sem gegnir mikilvægu hlutverki við stjórnun á viðnámi slagæða og við stjórnun á styrk ýmissa salta í blóði. Enn sem komið er hefur ekki tekist að kortleggja önnur gen sem stjórna blóðþrýstingi í mönnum, en rannsóknir á dýrum hafa sýnt að arfbreytileiki í mörgum genum hefur áhrif á blóðþrýsting. Til dæmis hefur fundist arfbreytileiki sem hefur áhrif á slagbilsþrýsting og annar sem hefur áhrif á púlsþrýsting 9. Þekking á eðli sjúkdómsins er grundvöllur þess að hægt sé að beita árangursríkri meðferð. Þannig gæti mismunandi arfbreytileiki ráðið því hvaða meðferð er líklegust til að skila bestum árangri.

**TAFLA 1.**

Gerðir og algengi erfðasjúkdóma.

*Eingena erfðasjúkdómar*

Skipta þúsundum en hver um sig er sjaldgæfur. Greinilegt erfðamynstur sést í fjölskyldum og nánir ættingjar eru í mikilli áhættu að veikjast einnig (25-50%). Algengi þessara sjúkdóma er 2-10/1000.

*Margþátta erfðasjúkdómar*

Eru flestir algengir og vel þekktir sjúkdómar. Erfðamynstur er ógreinilegt en fjölskyldutilhneiging er áberandi. Áhætta náninna ættingja á að fá sjúkdóminn er nokkuð aukin umfram þá sem hafa enga ættarsögu (5-19%). Algengi er um 7-10/1000. U.þ.b. 20/1000 börnum fæðast með einhverja sköpulagsgalla s.s. hjartagalla eða klofinn góm. Slíkir gallar falla í mörgum tilfellum vel undir þessa skilgreiningu.

*Litningagallar*

Eru sjaldgæfir og fylgja yfirleitt ekki ákveðnu erfðamynstri. T.d. Downs heilkenni eða þrístæða 21. Oftast lítil áhætta fyrir ættingja. Algengi þeirra er 6-7/1000.

*Áunnir erfðasjúkdómar*

Breytingar í erfðafni einstaklings sem ekki eru meðfæddar. Um er að ræða eðlilegt gen sem verður fyrir utanaðkomandi áhrifum með þeim afleiðingum að gerð þess eða starfsemi breytist. T.d. krabbamein og hvítblæði.

TAFLA 2.	Dæmi um hjarta- og æðasjúkdóma sem má rekja til galla í einstöku geni.
Sjúkdómur	Einkenni erfðagalla
Kransæðasjúkdómur	Hækkuð blóðfita, s.s. hypercholesterolaemia sem erfist með ríkjandi erfðamynstri og veldur u.þ.b. 10% kransæðadauðsfalla á meðal ungra og miðaldra einstaklinga. Þennan erfðagalla má finna hjá um það bil 1/500 einstaklingum.
<i>Hjartsláttartruflanir</i>	Leiðsluftruflanir í hjarta (Long Q-T syndrome) Yfirlið, svimi, krampar, líkist og skyndidauða, stundum flogaveiki. Meðvitundarleysi, skyndi dauði. Sjúkdómurinn er greindur með hjarta línuriti. Talið er að fleiri en einn genagalli geti valdið þessum sjúkdómi. Eitt þessara gena er á litningi 1117.
<i>Hjartavöðvasjúkdómar</i>	Þykkun á hjartavöðva (familial hypertrophic cardiomyopathy). Vöðvafurur raða sér óreglulega í hjartanu sem leiðir til þykkunar vöðvans. Þrengir þá að hólfum hjartans og truflun getur orðið á blóðflæði og hætta er á hjartsláttaróreglu. Helstu einkenni þessa sjúkdóms eru: mæði, brjóstverkir og yfirlið. Tíðni skyndidauðsfalla er há hjá þessum sjúklingum. Genagallar á litningi 1 og 14 eru nú þekktir sem geta valdið þessum sjúkdómi 18.
<i>Hækkaður blóðþrýstingur</i>	Erfðagalli (glucocorticoid-remediable aldosteronism) sem tilorðinn er vegna víxlunar á hluta af tveim genum á litningi 8 í fósturlífi (frumu stigi). Genið sem myndast lætur ekki að eðlilegri stjórn og afleiðingin verður hækkan á blóðþrýstingi. Víxlunin erfist sem ríkjandi galli og má því búast við að 50% af börnum þeirra sem hafa þessa genavíxlun séu einnig með háan blóðþrýsting 19.

## RANNSÓKNIR Á HJARTA-SJÚKDÓMUM

Margir sjúklingar með háþrýsting og hjartasjúkdóma þekkja lyf í flokki ACE-hemjara. Meðal hlutverka þessara lyfja er að hemja hvatann ACE (angiotensin-converting enzyme) sem

m.a. tekur þátt í að umbreyta áður nefndu angiotensinogeni í virkt boðefni. Með því að hemja hvatann myndast minna af virka boðefninu og blóðþrýstingur lækkar. Í dýratilraunum hefur verið sýnt fram á að arfbreytileiki í geninu sem skráir ACE-hvatann ræður

verulega líkum á að að rannsóknardýrin fái háþrýsting 10. Ekki hefur tekist að sýna fram á tengsl milli þessa arfbreytileika og háþrýstings í mönnum 11. Á hinn bóginn hefur verið sýnt fram á verulega fylgni á milli arfbreytileika í þessu geni og áhættu á að fá kransæðasjúkdóm 12, sérstaklega á meðal þeirra sem ekki falla í hefðbundna áhættuhópa sem marka má með reykingum, sykursýki, offitu og hárrí blóðfitu. Þessar rannsóknir benda til að ákveðinn arfbreytileiki í ACE-geninu sé algengari hjá þeim sem fá kransæðastíflu, þeim sem hafa fjölskyldusögu um kransæðasjúkdóm 13 og hjá þeim sem fá alvarlega hjarta-bilun í kjölfar kransæðastíflu 14,15 (mynd 5).

Þessar niðurstöður birtust um svip að leyti og kliniskar rannsóknir sýndu að gjöf á ACE-hemjum í kjölfar hjartaáfalls minnkaði líkur á hjartabilun og einnig líkur á endurteknu hjartaáfalli 16. Þær spurningar hljóta að vakna hvort hægt sé að nota niðurstöður rannsókna á ACE-arfbreytileika til að velja úr þá sem mest gagn hafa af ACE-hömlun eftir hjartaáfall og hvort hægt sé að velja úr hóp þar sem hægt væri að nota ACE-hemjara í forvarnarskyni. ACE-hvatinn gegnir margvíslegum hlutverkum í líkamanum og enn er ekki vitað hvernig arfbreytileiki í ACE-geninu stuðlar að meingerð kransæðasjúkdóms. Frekari rannsóknir eru því nauðsynlegar á þessu sviði áður en hægt er að svara slíkum spurningum.

Vel þekkt er að arfbreytileiki í ýmsum genum sem tengjast blóðfituefnaskiptum getur haft áhrif á líkur á að veikjast af kransæðasjúkdómi. Bæði getur verið um að ræða breytileika í einu geni sem veldur fjölskyldubundinni hækkan á blóðfitu og margþátta einginleika, þar sem samspil erfða og mataræðis er mikilvægt.

## FJÖLSKYLDURANNSÓKN- IR Í HJARTAVERND

Á undarförnum 25 árum hefur Rannsóknarstöð Hjartaverndar safnað viðamiklum upplýsingum um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma. Rannsóknir á fjölskyldum og systkinapörum ættu að vera á meðal framtíðarverkefna Rannsóknarstöðvarinnar. Úr hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem tekid hafa þátt í hóprannsókn Hjartaverndar er hægt að velja einstaklinga sem hafa fjölskyldusögu um slíka sjúkdóma. Regluleg skoðun ættingja: foreldra (ef á lífi), systkina og barna er mikilvæg og getur hindrað ótímabær dauðsföll. Einnig safnast ítarlegar upplýsingar sem nýtast við erfðarannsóknir, til dæmis systkina- og afkomendarannsóknir. Hér er hægt að byggja upp ómetanlegan gagnabanka sem ekki bara nýtist á líðandi stundu heldur einnig í ókominni framtíð.

Sérstaða Íslendinga byggist á því að vera tiltölulega einsleitir hópur borið saman við aðrar Evrópuþjóðir. Það er kostur þegar um rannsóknir á erfðabáttum algengra sjúkdóma er að ræða. Hér eru einnig til betri og ítarlegri ættfræðiupplýsingar en gengur og gerist í öðrum löndum. Við höfum því margt að bjóða sem gæti nýst í viðtekara samstarfi við rannsóknarstofnanir í Evrópu, en vísindaáætlanir innan EES byggjast fyrst og fremst á því að efla samvinnu og samstarf vísindamanna landanna. Verulegum fjármunum er varið til þess á hverju ári. Þetta samstarf er að mótast og því er mikilvægt að Íslendingar komi sér saman um rannsóknaráherslur og vinni að vönduðum framtíðaráætlunum. Rannsóknir á erfðabáttum hjarta- og æðasjúkdóma ættu að vera þar í broddi fylkingar.

Reynir Arngrímsson, læknir  
Duncan Guthrie Institute of Medical

**TAFLA 3.** Þættir sem stuðla að aukinni hættu á að ættingjar veikist af margþátta sjúkdómi. Fækka má sjúkdómstillfellum með nánu eftirliti þeirra sem falla í áhættuhóp og með því að fyrirbyggja umhverfisþætti.

### *Hátt erfanleikagildi*

Því herra sem þetta gildi er því stærri er hlutur erfða í myndun sjúkdómsins og meiri líkur eru á að ættingjar erfi hina óhagstæðu erfðasamsetningu. Erfanleikagildi kransæðasjúkdóms er 65%, hækkaðs blóðþrýstings 62%, astma 80% og magasárs 37%.

### *Náinn skyldleiki*

Oftast eru það ættingjar í 1. lið sem eru í áhættuhópi, þ.e. systkini og börn. Fjarskyldari ættingjar hafa yfirleitt svipaða áhættu og gengur og gerist í þjóðfélaginu.

### *Margir ættingjar með alvarlegt stig sjúkdómsins*

Auknar líkur á að eitt gen hafi meiri háttar áhrif á myndun sjúkdómsins. Slíkar ættir eru mikil vægar fyrir genakortlagningu.


Genetics, Yorkhill, Glasgow G3 8SJ,  
Skotland

### HEIMILDIR:

1. McKusick. Mendelian Inheritance in Man. 10.ed. The Johns Hopkins University Press, Baltimore 1992.
2. Smith R. Britain needs to screen for aortic aneurysms. Br Med J 1994; 308.
3. MacCluer JW. Statistical approaches to identify major locus effect on disease susceptibility. Í Genetic factors in atherosclerosis: Approaches and model systems. Monographs in Human Genetics (Ritstjórn: Luis og Sparkes), Basel, Karger 1989; 2: 50-78.
4. Falconer DS (1965). The inheritance of liability to certain diseases, estimated from the incidence among relatives. Ann Hum Genet 2: 51-76.
5. Falconer DS (1967). The inheritance of liability to diseases with variable age onset with particular reference to diabetes mellitus. Ann Hum Genet 13: 1-19.
6. Ward R. Familial aggregation and genetic epidemiology of blood pressure. Í Hypertension: pathology, diagnosis and management (ritstjórn Laragh og Brenner). Raven, New York, 1990; 81-100.
7. Wilson AF, Elston C, Tran LD, Siervogel RM. Use of robust sib-pair method to screen single-locus, multiple-locus and pleiotropic effect: Application to traits related to hypertension. Am J Hum Genet 1991; 48: 862-872.
8. Jeunemaitre X, Soubrier F og félagar. Molecular basis of human hypertension: role of angiotensinogen. Cell 1992; 71: 169-180.
9. Dubay C, Vincent M, Samani NJ og félagar. Genetic determinants of diastolic and pulse pressure map to different loci in Lyon hypertensive rats. Nature genetics 1993; 3: 354-357.
10. Jakob HJ, Lindpainter K, Lincoln SE og félagar. Genetic mapping of a gene causing hypertension in the stroke-prone spontaneously hypertensive rat. Cell 1991; 67: 213-224.
11. Jeunemaitre X, Lifton R, Hunt S, Williams RR, Laouele JM. Absence of linkage between the angiotensin converting enzyme locus and human essential hypertension. Nature genetics 1992; 1: 72-75.
12. Cambien F, Poirier O, Lecer og félagar. Deletion polymorphism in the gene for angiotensin-converting enzyme is a potent risk factor for myocardial infarction. Nature 1992; 359: 641-644.
13. Tiret L, Kee F, Poirier O og félagar. Deletion polymorphism in angiotensin-converting enzyme gene associated with parental history of myocardial infarction. Lancet 1993; 341: 991-992.

14. Marian AJ, Yu Q, Workman R, Greve G, Roberts R. Angiotensin-converting enzyme polymorphism in hypertrophic cardiomyopathy and sudden death. *Lancet* 1993; 342: 1085-1086.
15. Raynolds MV, Briskow MR, Bushe EW og félagar. Angiotensin-converting enzyme DD genotype in patients with ischaemic or idiopathic dilated cardiomyopathy. *Lancet* 1993; 342: 1073-1075.
16. Pfeffer MA, Braunwald E, Moyé LA og félagar. Effect of captopril on mortality and morbidity in patients with left ventricular dysfunction after myocardial infarction. *N Engl J Med* 1992; 327: 669-677.
17. Benhorin J, Kalman YM, Medina A og félagar. Evidence of genetic heterogeneity in long Q-T syndrome. *Science* 1993; 260: 1960-1961.
18. Watkins H, MacRae C, Thierfelder L og félagar. A disease locus for familial hypertrophic cardiomyopathy maps to chromosome 1q3. *Nature genetics* 1993; 3: 333-337.
19. Lifton RP, Dulhy RG, Powers M og félagar. Hereditary hypertension caused by chimaeric gene duplications and ectopic expression of aldosterone synthase. *Nature genetics* 1992; 2: 66-74.

*Allir þurfa að  
taka upp  
nýjan lífsstíl*



# Enn um konur og kransæðasjúkdóma

## INNGANGUR

Kransæðasjúkdómur er dánarorsök í 19 % tilvika hjá konum auk þess sem hann veldur alvarlegum heilsubresti hjá mun stærri hóp. Hann veldur ótímabærum dauða kvenna á ári hverju og er alvarleg heilsuvá. Einhverjum kann að koma á óvart að rætt sé um kransæðasjúkdóm sem vandamál fyrir konur. Er þetta ekki annars aðallega sjúkdómur karla eða hvað? Jú, víst hefur athyglin vegna kransæðasjúkdóms beinst að karlmönnum. Á þeim árum sem veruleg aukning varð í tíðni kransæðasjúkdóms í hinum vestræna heimi, voru lífslíkur verri og kransæðasjúkdómur sjúkdómur eldri kvenna.

Karlmenn veikjast yngri og upp úr fertugu fer tíðni sjúkdóms að aukast hjá þeim. Konur veikjast að meðaltali 10 árum eldri en tíðni sjúkdómsins eykst verulega eftir tíðahvörf. Með bætum heildarlífslíkum hefur konum fjölgað í eldri aldurshópum og um leið fjölgað konum sem þjást af kransæðasjúkdóm.

## STAÐAN Í DAG

Í dag er það þó svo að verulegur árangur hefur náðst, tíðni kransæðasjúkdóms hefur hér og í flestum nágrannalöndum okkar hætt að aukast og er á niðurléið. Horfur þeirra sem veikjast eru betri og lægri dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóms, hjá körlum fyrst og fremst. Sömu tilhneigingar gætir hjá konum en þó hægar og minna.

Þegar lítið er yfir fyrri rannsóknir á

eðli kransæðasjúkdóms kemur í ljós að grunnþekkingin byggist á rannsóknum framkvæmdum á miðaldra karlmönnum nánast eingöngu. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa svo verið heimfærðar á konur. Þetta á við á öllum sviðum, allt frá leit að orsakavaldi og / eða áhættuþætti, til þróunar greiningaradferða og meðferðar. Aðalathygli sú sem kransæðasjd. kvenna fékk í fyrstu var leit að orsökum fyrir minni tíðni sjúkdóms hjá þeim. Talað var um að kvenhormónar vernduðu konur og reynt að nýta það í þágu karlmanna með mjög slæmum árangri.

Konur hafa í einhverjum tilvikum verið útilokaðar sem þátttakendur vegna aldurs eða annarra sjúkdóma þeirra sem gætu gert úrvinnslu rannsókna erfiðari.

Þar sem konur voru meðal þátttakenda greindist ekki kynjamunur á




Lilja Sigrún Jónsdóttir


gagnsemi meðferðar en hinsvegar fengu eldri konur oftari aukaverkanir og gæti það hugsanlega skýrst að hluta af lyfjaskömmtum.

Í eldri rannsóknum þar sem konur voru þátttakendur voru skilyrði inntöku etv. einungis brjóstverkir. Þær rannsóknir bentu svo til að sjúkdómur kvenna þróaðist síður yfir í kransæðastíflu en hjá körlum. Þetta hefur haft mikil áhrif á þá meðferð sem konur með kransæðasjúkdóm hafa fengið.

Síðar hefur komið í ljós að samsvörun milli sögu kvenna um brjóstverki og raunverulegan kransæðasjúkdóm á grundvelli kransæðapregsla samkvæmt hjartapræðingu er mun minni en hjá karlmönnum. Nægir þar að nefna



Mynd 1. Lífslíkur Íslendinga, breytingar á öldinni.



Mynd 2. Aldursstöðluð dánartíðni vegna kransæðasjúkdóms 1986 - 1990

„Syndrome X“ sem felur einmitt það í sér að konur hafi áreynslubundna brjóstverki, áreynslupróf bendi til kransæðasjúkdóms en hjartaþræðing sýni eðlilegar kransæðar.

Þetta hefur vakið upp spurningar um þær konur sem tóku þátt í eldri rann-

eru algengari. Greining orsaka verkjanna er oft flókin og margt sem kemur til greina.

Greining getur byggst á:

1. Hjartalínuriti en rannsóknir sýna að línuritsbreytingar kvenna við kransæðastíflu eru minni en hjá körlum.
2. Áreynsluprófi sem hefur ekki eins gott næmi fyrir konur og karla.
3. Hjartaþræðingu þar sem stærðarmunur karla og kvenna hefur áhrif á greiningarnæmi aðferðarinnar og þannig mætti lengi telja.

Jafn augljósir hlutir og brjóstvefur kvenna hefur áhrif sem skekkjuvaldur og hefur áhrif á næmi röntgen- og ísótóparannsóknna.

## KONA SEM KRANSÆÐA-SJÚKLINGUR: FÆR HÚN VERRI MEÐFERÐ?

Upplýsingar úr erlendum rannsóknum benda til að horfur yngri kvenna sem veikjast af kransæðasjúkdómi séu verri en karlkyns jafnaltra þeirra. Þær fá sjaldnar segaleysandi lyf, oftar hjartsláttartruflanir og líkur hærri á að

sjúkdómurinn leiði til dauða. Þátttaka þeirra í endurhæfingu eftir kransæðastíflu er minni en hjá karlmönnum og hefur það áhrif til versunar á lífslíkum eftir áfallið. Rannsóknir hafa sýnt að þær ná sjaldnar færni til að fara aftur að vinna en þiggja samt sjaldnar heimilishjálpi eftir áfallið og byrja fyrr að sinna heimilisstörfum sjálfar. Þær fara einnig sjaldnar í kransæðaaðgerðir og horfur þeirra eftir aðgerð eru verri.

## ÁHERSLA Á FORVARNIR


Fyrir liggur að horfur konu í dag sem fær kransæðasjúkdóm eru ekki nógu góðar. Því verður aðaláherslan í dag að vera á forvarnir.

Af þremur aðaláhættuþáttum kransæðasjúkdóms: Háum blóðþrýstingi, hækkaðri blóðfitu og reykingum hefur konum gengið verst að taka á reykingunum. Raunin er sú að lækun blóðþrýstings hefur gengið betur hjá konum en körlum, sama má segja um lækun blóðfitu. Það eru reykingarnar sem ekki hafa minnkað sem skyldi hjá konum. Á sama tíma og karlmenn á Íslandi lækkuðu reykingatíðni sína um 28% lækkaði reykingatíðni kvenna um tæp 13%. Betur má ef duga skal.

Reykingar vege mjög þungt hjá konum sem áhættuþáttur.

Áhrif reykinga magnast eftir því sem kona reykir lengur. Reyki kona aukast líkur hennar á kransæðastíflu amk. þrefalt (allt að sjöfalt fyrir stórreykingakonur). Reykingar lækka aldur tíðahvarfa hjá konum en það eitt og sér eykur áhættuna enn meir. Konu sem tekst að hætta reykingum lækkar marktækt sína áhættu á aðeins 2 árum. Konur sem geta ekki með nokkru móti hætt reykingum hafa hag af að minnka reykingar sínar, þó það sé aðeins hálfur sigur.

Listi yfir aðra áhættuþætti er langur og hafa þeir mismikið vægi. Ýmsum verður ekki breytt svo sem ættarsögu



sóknun hvort þær hafi haft raunverulegan kransæðasjúkdóm eða einhvern annan kvilla.

## ÞEGAR KONA VEIKIST

Oftast eru fyrstu einkenni konu með kransæðasjúkdóm brjóstverkir án þess að til kransæðastíflu komi. Verkjamynstur kvenna er oftar óhefðbundið, ekki í eins beinum tengslum við áreynslu og hjá körlum og hvíldarverkir

og aldri. Konum með sykursýki er hættara við kransæðasjúkdómi en öðrum Páttur streitu við myndun kransæðasjúkdóms er viðurkenndur og er mjög mikilvægt að takast á við hann.

Þar kemur líkamsrækt verulega við sögu, því að reykbíndindi undanskildu er fátt sem hefur eins víðtæk jákvæð áhrif á áhættuþætti kransæðasjúkdóms og reglubundin líkamsrækt. Regluleg hreyfing hefur jákvæð áhrif á blóðfitusamsetningu, lækkar blóðþrýsting, hjálpar of þungum að grennast og minnkar vægi streitu úr umhverfinu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir mögnunaráhrifum áhættuþátta hvers á annan. Komi tveir eða fleiri hjá sama einstaklingi verður vægi hvors um sig meira en annars.

## SÉRSTAKIR ÁHÆTTU-ÞÆTTIR KVENNA:

Konum sem fara snemma í tíðahvörf er hættara við kransæðastíflu en öðrum konum og hefur það leitt á ný til hugleiðinga um hlutverk kvenhormóna og hvort hægt sé að nýta verndandi þátt þeirra fyrir konur eftir tíðahvörf.

Könnuð hefur verið tíðni kransæðasjúkdóms hjá konum sem tekið hafa kvenhormónið estrogen, oftast vegna tíðahvarfaeinkenna og / eða legnáms og bendir margt til að það geti verndað konur gegn kransæðasjúkdómi. Sá böggull fylgir þó skammrifi að þekktar eru neikvæðar afleiðingar þeirrar meðferðar í formi aukinnar hættu á legbolskrabbameini og gruns um áhrif á brjóstakrabbamein einnig.

Kvenhormónameðferð vegna tíðahvarfaeinkenna hefur færst nokkuð í vöxt og er algengari meðferð með samsettum kvenhormónum estrogen og progestin. Minna er vitað um verndandi áhrif þeirrar meðferðar gagnvart kransæðasjúkdómi. Um þessar mundir eru stórar rannsóknir í gangi sem munu skýra þessi mál nokkuð.

Rannsóknir hafa sýnt að áhætta á kransæðasjúkdómi eykst með auknum fjölda barna hjá konum, sérstaklega þó ef þau eru orðin 6 eða fleiri. Vaknað hafa spurningar hvort um sé að ræða áhrif af meðgöngunni sem slíkri (td. ef kona fær sjúkdóm í meðgöngu) eða streituáhrif af stækkandi fjölskyldu.

## KONUR ERU SÉRSTAKAR

Athygli beinist í auknum mæli að séreinkennum kransæðasjúkdóms hjá konum og er það vel. Nú þarf að setja fyrirvara við allt sem áður var talið viðurkennt og eru nú þegar margar rannsóknir að fara af stað til að treysta þann þekkingagrunn sem meðferð kvenna með kransæðasjúkdóm hvílir á. Eftir því sem niðurstöður birtast verður svo af auknu öryggi hægt að meðhöndla kransæðasjúkdóm kvenna.


Hér á landi eru aðstæður góðar til rannsókna, hóprannsókn Hjartaverndar og MONICA rannsóknin hafa frá upphafi gert konum jafnhátt undir höfði og körlum. Úrvinnsla gagna þeirra sem aflað hefur verið um konur er forgangsverkefni nú hjá Hjartavernd.

Enn má þó nýta til bættrar heilsu kvenna þá þekkingu sem til er og taka

af fullri alvöru á hefðbundnum og þekktum áhættuþáttum kransæðasjúkdóms á meðan beðið er átektu eftir niðurstöðum rannsókna. Því verður að hvetja allar konur til að taka alvarlega forvarnarstarf að kransæðasjúkdómum og muna að þetta er einnig sjúkdómur kvenna.

## HELSTU HEIMILDIR:

1. Health Statistics in the Nordic Countries 1992, bls. 55 fig. 2.1.3.
2. Circulation Vol.90, no.1, Júlí 1994 bls. 583 - 612. Tunstall Pedoe et al. WHO MONICA PROJECT.
3. Læknablaðið 1992; 78: 267-76 Guðmundur Þorgeirsson og fl. Áhættuþættir kransæðasjúkdóms meðal karla og kvenna á Íslandi, niðurstöður úr hóprannsókn Hjartaverndar 1967 - 1985.
4. New England Journal of Medicine vol.329, no.4:247 - 256, N. Wenger MD.
5. Erindi flutt í Stokkhólmi 14. - 16. sept. 1994 : Women, Stress and Heart disease.



Mynd 3. Stöðluð dánartíðni Íslendinga úr kransæðasjúkdómi per 100,000 íbúa.

# Um að gera að njóta lífsins

Fyrir bráðum áratug fór Þóra Friðriksdóttir leikkona að finna verk fyrir brjósti sem reyndist alvarleg kransæðastífla. Hún fór í aðgerð til London og síðan í þjálfun á Reykjalund. Þóra rekur hér í samtali við blaðið sjúkrasögu sína og breyttan lífsstíl í kjölfar veikindanna



en þrátt fyrir að starf leikarans sé átakamikið og stressandi hefur hún aldrei verið á því að hætta.

*Hvar ert þú fædd, Þóra?*

Ég er fædd í Reykjavík. Foreldrar mínir voru Lára M. Sigurðardóttir og Friðrik V. Ólafsson skólastjóri Sjómannaskólans. Ég er alin upp á Vesturgötunni og í nýja Sjómannaskólanum. Ég byrjaði í leiklistarnámi árið 1952 í skóla Ævars Kvarans og á árunum 1952 til '54 fór ég í leiklistarskóla Þjóðleikhússins og hélt síðan áfram námi í eitt ár í London. Ég tók þátt í sýningum jafnt í Iðnó og Þjóðleikhúsinu en var fastráðin hjá Þjóðleikhúsinu árið 1968 og hef verið þar síðan.



*„My fair Lady“  
Þóra og Jóhann  
Sigurðarson*

*Viltu lýsa sjúkdómssögu þinni?*

Þetta byrjaði þegar ég var að æfa söngleikinn „Chicago“ í Þjóðleikhúsinu árið 1985. Það var seinni part vetrar og ég hafði fundið verki fyrir brjósti alveg frá jólum. Ég var svo vitlaus, og

það eru sjálfsagt viðbrögð margra, að ég hélt að ef ég talaði ekkert um það við neinn þá mundu verkirnir hverfa. Ég reykti óskaplega mikið þá, upp í einn og hálfan pakka á dag, og vissi vel að kransæðastífla lá í fjölskyldunni því báðir foreldrar mínir höfðu látist úr henni og bróðir minn líka. Svo var það á æfingunni að ég fékk þennan alvarlega verk fyrir brjóstið og var flutt upp á slysavarðstofu og inn á Hjartadeild. Þaðan var ég svo útskrifuð og fór skömmu síðar í hjartaþræðinu en eftir hana fékk ég versta kastið og var send til London í uppskurð. Þá átti aðeins að blása mig en það gekk ekki og ákveðið var að skipta um æðar. Það vildi svo til að aðgerðin bar upp á afmælisdag móður minnar og ég var sannfærð um að ekkert færi úrskeiðis.

*Hefur þú breytt um lífsstíl eftir þessa reynslu?*

Eftir að ég kom frá London var ég send á Reykjalund og þar varð ég aftur að manneskju. Þar fékk ég svo fína þjálfun. Ég bætti við mig heilmiklu í þreki og hef síðan verið hress og góð til heilsunnar. Ég reyni að hugsa sem minnst um þetta, tek mín meðul og reyni að fara vel með mig en annars læt ég þetta hafa sem minnst áhrif á mig. Ég geri allt sem mig langar til að gera, syndi á hverjum morgni í Vesturbæjarlauginni mína 500 metra og geng töluvert og passa mig eins og ég get í mataræði. Helst reyni ég að borða ekki harða fitu.

Ég hætti að reykja þann 24. apríl fyrir níu árum. Það geta komið þau augnablik að mig langi í sigarettu. Alltaf þegar ég fæ martraðir þá er ég að reykja. Ég vil bara í öllum guðsbænum hvetja fólk til að hætta að reykja. Gerið eitthvað. Sjálf hafði ég lítið stundað hreyfingu, það byrjaði með þessu. Laugin heldur í mér lífinu. Ég fer í hana alla daga og hvernig sem viðrar. Sundið er allra meina bót. Svo á ég alltaf í baráttu við aukakílóin og nú

hugsa ég mikið meira út í það hvað ég set ofan í mig.

*Og þú heldur áfram að leika?*

Það var eins og læknirinn sagði úti í London. Þú ert ekki í bestu vinnunni fyrir þennan sjúkdóm. Hann ráðlagði mér að hætta að leika en ég var aldrei á því að hætta. Mér finnst lífið ekki vera þannig að



*„Himneskt er að lifa“*

maður setjist niður einn daginn og hættir. Það á að lifa því ef heilsan á annað borð leyfir. Ég byrjaði strax aftur í leikhúsinu eftir að ég kom af Reykjalundi og það var gott að byrja aftur. Ég hef getað gert það sem ég hef viljað og langað til að gera enda held ég að það besta sem maður geri í svona stöðu sé að láta ekki deigan síga. Starfið hefur gengið snuðrulaust síðan og ég læt þetta ekki stoppa mig í því sem ég er að gera. Mér finnst ég líka vera orðin of gömul til að skipta um vinnu. Leiklistin er það eina sem ég lærði og það eina sem ég þekki og hún er lífstarf mitt og það er of seint að snúa við. Aðalmálið er að ofreyna sig ekki en það fylgir vissulega mikið stress starfinu í leikhúsinu. Þar er maður alltaf að taka próf og þú verður alltaf stressaður á prófum.

*Hvaða ráð viltu að lokum gefa öðrum konum sem lent hafa í sömu sporum?*

Það er um að gera að njóta lífsins og gleyma því ekki, að það er líf eftir áfall af þessu tagi.

S.H.



Ásgeir Jónsson, hjartasérfræðingur:

## Hjartaöng (Angina Pectoris)

Það er alkunna að hjartasjúkdómar eru eitt stærsta heilbrigðisvandamál í hinum vestræna heimi, og á það einnig við um Ísland. Langalgengastur hjartasjúkdóma er kransæðasjúkdómur. Líklegt er að hér leggist fleiri á sjúkrahús af völdum kransæðasjúkdóms en annarra sjúkdóma og víst er að hann verður fleirum að aldurtíla. Nokkuð hefur þó dregið úr tíðni sjúkdómsins undanfarinn áratug eða jafnvel lengur, sem meðal annars má þakka breyttum lífsvenjum og bættri læknismeðferð. Algengasta og oft fyrsta einkenni kransæðasjúkdóms er hjartaöng sem er einkenni um skammvinnan súrefnis-skort í hjartavöðva. Þetta getur annað hvort stafað af minnkuðu blóðflæði til hjartavöðvans eða aukinni þörf fyrir súrefni. Aðalástæða minnkaðs blóðflæðis er æðakölkun sem þregir kransæðina. Hjartaöng kemur venjulega ekki fram fyrr en þregslin í æðinni eru orðin mikil og er sjúkdómurinn því oft kominn áhátt stig þegar hann greinist. Aðrar ástæður minnkaðs blóðflæðis til hjartavöðva er krampi (spasmi) í kransæðum og aukið viðnám í háráðum hjartans (syndrome X). Ástæður aukinna þarfa hjartavöðvans fyrir súrefni eru margar og má þar helst nefna ósæðapregslí (aorta stenosis) sem veldur of mikilli þykkun hjartavöðvans, langvarandi háþrýsting sem hefur sömu áhrif og meðfædda og arfgenga þykkun hjartavöðva (hypertrophic cardiomyopathy). Hjartaöng hefur verið

þekkt um aldir, en er fyrst vel lýst í grein breska læknisins Williams Heberdens árið 1772.

Hvernig er hjartaöng? Hverju lýsir sjúklingurinn? Sjúkdómsgreiningin hjartaöng byggist fyrst og fremst á sögu sjúklings en er oft studd öðrum rannsóknum svo sem hjartalínuriti, áreynsluhjartalínuriti og áreynsluprófi eftir gjöf geislavirkra efna. Oftast lýsir sjúklingurinn verk í miðju framanverðu brjóstholi sem kemur við áreynslu, leiðir upp í háls eða út í handleggi (oftar vinstri) og líður hjá á 5-10 mínútum við hvíld eða eftir nitroglycerin töflu.


Sjá mynd 1.

Lýsi sjúklingur einkennum á þennan hátt, er greiningin vafalaus og má kalla það dæmigerða hjartaöng. Sjúklingur lýsir ekki alltaf verk heldur getur hann lýst þrýstingi, herpingi, sviða, þyngslum eða jafnvel mæði. Sé mæði



Ásgeir Jónsson

aðaleinkenni kransæðasjúkdóms, kemur hún yfirleitt mjög snögglega og hverfur mjög fljótt við hvíld eða nitroglycerin. Staðsetning verkjar er breytileg. Verkur getur í raun byrjað



Mynd 1. Staðsetning og leiðni verkja vegna kransæðasjúkdóma

hvar sem er í efri hluta líkamans t.d.

**FLOKKUN Á HJARTAÖNG  
(NYHA CLASSIFICATION)**

- I. Hjartasjúkdómur til staðar en venjuleg áreynsla veldur ekki einkennum. Mikil áreynsla veldur einkennum.
- II. Venjuleg áreynsla t.d. stigagangur, ganga upp ímóti eða í kulda og roki veldur einkennum.
- III. Lítil áreynsla t.d. ganga á jafnsléttu veldur einkennum.
- IV. Einkenni í hvíld eða við mjög litla áreynslu.

**Mynd 2.**

**LÍKUR Á KRANSÆÐASJÚKDÓMI EFTIR EINKENNUM,  
ALDRI OG KYNI**

Aldur	KARLAR
	Dæmigerð hjartaöng
40-49	87%
50-59	92%
60-69	94%
KONUR	
40-49	55%
50-59	79%
60-69	91%

**Mynd 3. Líkur á kransæðasjúkdómi eftir einkennum, aldri og kyni.**

efst í kviðarholi, í öxlum, handleggjum, úlnliðum, kjálkum eða baki, þá oft milli herðablaða. Byrji verkur á þessum stöðum, leiðir hann oft inn í brjósthol. Það sem er líkt með þessum einkennum og dæmigerðri hjartaöng, er að þau koma við áreynslu og hverfa við hvíld á 5-10 mínútum. Tímalengd einkenna skiptir miklu. Standi einkenni lengur en 10 mínútur og láti ekki undan hvíld eða nitroglycerini, getur

það bent til kransæðastíflu eða yfirvofandi kransæðastíflu. Langoftast er það líkamleg áreynsla sem veldur hjartaöng og gjarnan eru einkenni flokkuð frá I-IV (New York Heart Association Classification) eftir því hve mikil áreynsla veldur verkjum. Sjá mynd 2.

Kuldi, rok, þungar máltíðir eða reykingar geta gert það að verkum að hjartaöng kemur fyrr. Nokkuð algengt

er að hjartaöng komi við fyrstu áreynslu dagsins, t.d. við að skafa ís af bílrúðu eða ganga fyrstu braut á golfvelli en komi ekki aftur sama dag við sambærilega áreynslu (walk through angina). Áhyggjur eða skyndileg geðbrigði geta einnig komið af stað hjartaöng.

Líkur á kransæðasjúkdómi eru háðar sjúkdómseinkennum, aldri sjúklings og kyni.

Sjá mynd 3.


Sé sjúklingur með dæmigerða hjartaöng, aukast líkur á að hann sé með kransæðasjúkdóm með hækkandi aldri. Það vekur athygli, að einkennið dæmigerð hjartaöng bendir ekki eins sterklega til kransæðasjúkdóms hjá yngri konum. Þetta skýrist af mun hærri tíðni háráðasjúkdóms (syndrome X) meðal kvenna. Það hefur vakið athygli manna hve einkennið hjartaöng er oft óstöðugt. Algengt er að menn hafi dæmigerða hjartaöng sem síðan hverfi. Margar skýringar geta verið á því. Æð sem gefið hefur einkenni getur lokast og séu aðrar æðar eðlilegar, hverfa oft einkenni. Einnig getur lyfjameðferð og skurðaðgerð að sjálfsögðu gert það að verkum að einkenni hverfa. Einnig geta hjálparæðar (collaterals) gert það að verkum, að aukið blóðflæði verður til blóðþurrðarsvæðis sem þröng æð á að næra. Óstöðug hjartaöng er það kallað þegar skyndileg versnun verður á hjartaöng þ.e. þegar minni áreynsla veldur einkennum eða þau koma jafnvel í hvíld. Einnig er ný hjartaöng oft flokkuð sem óstöðug svo og hjartaöng skömmu eftir kransæðastíflu. Óstöðug hjartaöng getur verið fyrirboði kransæðastíflu, og ber að bregðast við henni strax með viðeigandi rannsóknum og meðferð.

Hverjar eru svo horfur sjúklinga með hjartaöng? Kransæðasjúkdómur getur verið alvarlegur sjúkdómur og má búast við að 4-8% sjúklinga með hjartaöng fái kransæðastíflu á hverju

ári. Nákvæm rannsókn og rétt meðferð getur skipt sköpum um horfur. Hvernig á þá að rannsaka sjúkling með hjartaöng?

Fyrst ber að fá nákvæma sjúkrasögu og skoða sjúkling vel. Sjálfsagt er að kanna áhættuþætti kransæðasjúkdóms sem eru helstir: ættarsaga um sjúkdóm-inn, reykingar, hátt kólesteról, háþrýstingur og kyrrseta. Breyting áhættuþátta getur dregið úr einkennum og jafnvel dregið úr æðakölkun og þar með bætt horfur.

Helstu rannsóknir sem gerðar eru á sjúklingum sem kvarta um hjartaöng eru hjartalínurit, röntgenmynd af hjarta og lungum, ýmsar blóðrannsóknir (svo sem blóðmagn, blóðsykur, blóðfita, athugun á steinefnum og nýrnastarfsemi). Áreynsluhjartalínurit er kannski óþarft til greiningar ef sjúklingur lýsir dæmigerðri hjartaöng en gagnlegt til að forgangsraða sjúklingum til hjartaþræðingar. Maður flytir gjarnan hjartaþræðingu á sjúklingi sem fær fljótt einkenni og er með miklar breytingar á áreynsluhjartariti. Jákvætt próf staðfestir hjartaöng en ekki endilega kransæðasjúkdóm. Þ.e.a.s. prófið er falskt jákvætt. Þetta er mun algengara meðal kvenna og bendir þá oftast til aukins viðnáms í háræðum hjarta (-syndrome X). Neikvætt próf, þ.e. ef sjúklingur fær ekki einkenni eða hjartalínuritsbreytingar, útilokar ekki kransæðasjúkdóm og er mikilvægt að áréttta það. Séu einkenni ekki dæmigerð en áhættuþættir til staðar, er oftast ástæða til að ganga lengra í rannsóknunum. Áreynslupróf með geislavirkum efnun getur stundum bætt við upplýsingum sem ekki koma fram á venjulegu áreynsluhjartalínuriti, en sé blóðþurrð til einhvers hluta hjarta-vöðva, kemur það að jafnaði fram við þá athugun. Hjartaþræðing með kransæðamyndatöku staðfestir sjúkdóminn, sýnir útbreiðslu hans og segir þar með betur til um horfur en aðrar



Mynd 4.

rannsóknir. Niðurstaða kransæðamyndatökunnar ræður mjög oft úrslitum um hvaða meðferð er valin.

Íslendingar gera fleiri hjartaþræðingar en aðrar Evrópuþjóðir, miðað við höfðatölu.

Sjá mynd 4.

Þó er kransæðasjúkdómur ekki algengari hér en í nálægum löndum. Skýring á þessum mikla fjölda hjartaþræðinga hérlendis er líkast til sú, að fólk hér á landi er vel upplýst um hjartasjúkdóma, hjartasérfræðingar eru margir og vel menntaðir og fólk kemst til þeirra millilíðalaust.

Meðferð kransæðasjúkdóms skiptist í lyfjameðferð, útvíkkun kransæðapregsla og skurðaðgerð. Ef talið er að sjúklingur þoli skurðaðgerð þ.e.a.s. að hann sé ekki það gamall eða haldinn sjúkdómum sem eru frábending fyrir aðgerð, er rétt að gera hjartaþræðingu á sjúklingi með dæmigerða hjartaöng. Einnig hugleiði ég hjartaþræðingu hjá sjúklingum með óljósa brjóstverki sérstaklega ef áhættuþættir eru fyrir hendi og einnig ef áreynslu-

próf er jákvætt þótt einkennum séu ekki dæmigerð.

Ég mun nú gera lyfjameðferð betri skil. Þau lyf sem helst eru notuð við hjartaöng eru nitröt, betablokkar og kalsíumblokkar. Nitröt víkka út bæði slagæðar og bláæðar. Með því að víkka út slagæðar í hjarta, eykst blóðflæði til blóðþurrðarsvæða í hjarta-vöðva. Með því að víkka út bláæðar og útæðar, þá lækkar blóðþrýstingur og innflæði til hjartans minnkar, þrýstingur í hjartavöðva minnkar og súrefnisþarfir þar með. Nitrit koma í ýmsu formi sem Nitroglycerin töflur (Nitromex), Sorbangil, (Isosorbide Dinitrate) sem Nitroglycerin krem eða í plásturformi. Nitroglycerin tungutöflur verka á innan við mínútu og stendur verkun þeirra í um hálf klukkustund. Isosorbide Dinitrate verkar í 3-6 klukkustundir, það hefur skemmri en sneggri verkun sé það tuggið en lengri verkun sé það gleypt. Sérkennilegt fyrirbrigði er svokallað Nitroglycerin þol. Það myndast ef Nitroglycerin er tekið með stuttu millibili eða langvarandi

Nitroglycerin tekið allan sólarhringinn. Þetta þýðir að taka verður stærri og stærri skammta til að ná sömu áhrifum og kannski nást áhrif ekki. Þetta þol hefur ekki verið að fullu skýrt vísindalega en það er talið að sulfhydryl hópar í æðavegg eyðist, en þeir eru nauðsynlegir til verkunar Nitroglycerins. Þol hverfur mjög hratt ef nitrötum er hætt. Það er því ekki ráðlagt að gefa nitröt sem verka allan sólarhringinn og talið að 8-12 klukkustunda hvíld á sólarhring sé æskileg.

Nitroglycerin er rokjarnt lyf og minnkar verkun lyfsins fljótt ef það er geymt í hita t.d. ef það er geymt í vasa alveg við líkamann. Ekki má hafa bómull í glasi sem nitroglycerin er geymt, þar sem bómullin dregur virka efnið í töflunum til sín. Best er að hafa nokkrar töflur á sér í glasi en geyma birgðirnar í ísskáp og skipta svo um í glasinu á nokkurra vikna fresti.

Betablokkar eru lyf sem draga úr áhrifum streituhormóna á hjartað. Þeir eru mjög áhrifaríkir í meðferð á hjartaöng. Þeir hægja á hjartslætti, lækka blóðþrýsting og minnka súrefnisþörf hjartavöðvans. Fjölmargir betablokkar eru til, bæði sérhæfðir og ósérhæfðir. Sérhæfðir betablokkar verka nær eingöngu á hjartað, en ósérhæfðir á hjarta, útæðar og lungu. Sé eingöngu verið að meðhöndla hjartaöng, er rétt að nota sérhæfðan og langvirkan betablokkara. Betablokkar eru einnig mikið notaðir eftir kransæðastíflu, jafnvel þótt sjúklingar séu ekki með hjartaöng. Margar rannsóknir hafa sýnt bættar lífshorfur sjúklinganna séu þeir notaðir. Kalsíumblokkar eru taldir ígildi betablokkara í meðferð á hjartaöng. Þeir víkka kransæðar og auka blóðflæði til hjartavöðva.

Helstu kalsíum blokkar sem notaðir eru Verapamil, Diltiazem og Nifedipin. Þeir fyrrnefndu hafa einnig áhrif á leiðsluferfi hjartans og henta vel við

sumar tegundir af hjartsláttaróreglu.

Algengt er að eitt lyf nægi ekki til að bæta hjartaöng og eru þá notuð 2 eða 3 lyf saman t.d. nitrit, betablokkar og kalsíum blokkar.

Hjartaöng er einkenni en ekki sjúkdómur. Í flestum tilvikum bendir það þó til kransæðasjúkdóms. Þegar fyrstu einkenni koma í ljós, getur kransæðasjúkdómur verið kominn á alvarlegt stig. Góð fylgni er ekki milli þess hve einkenni eru mikil og hve alvarlegur sjúkdómurinn er. Því er brýnt að rannsaka sjúkling fljótt sem er með nýja hjartaöng. Þetta gildir einnig um þá sem hafa versnandi einkenni eða einkenni skömmu eftir kransæðastíflu. Fjölmargar rannsóknir geta varpað ljósi á alvarleika sjúkdómsins. Hjartaþræðing er tvímælalaust besta rannsóknin. Meðferð er margbreytileg og byggist á niðurstöðum rannsókna. Meðferðin beinist að tvennu, að bæta líðan sjúklings með því að draga úr einkennum og að bæta lífshorfur. Mikið hefur áunnist á síðustu árum með bættum rannsóknum, fjölbreyttari lyfjameðferð og öruggari skurðaðgerðum.

#### HEIMILDIR:

- 1) Braunwald: Heart Disease. W.B. Saunders Company 1992.
- 2) William H. Frishman. Optimizing Antianginal Therapy. The Am J of Card, Nov 27, 1992.
- 3) J.N. Dalal, A.C. Jain. Chronic Stable Angina Pectoris. Risk

Stratification and Treatment. Postgraduate Med Vol 91/No4/March 1992.

- 4) P.F. Cohn. Concomitant use of Nitrates, Calcium Blockers, and Beta Blockers for Optimal Antianginal Therapy. Clinical Cardiology vol 17/Sep 94.
- 5) Ornish D et Al: Lifestyle. Lancet 336: 129-33, 1990.
- 6) Coronary Interventions in Europe 1992. Bernhard Meier, Christian Böthlisberger, on behalf of the working group Coronary Circulation of the European Society of Cardiology. Bern, Switzerland.

*Gleðileg jó!*

Nikulás Sigfússon, dr. med. yfirlæknir:

## Reykingar kvenna

Sígarettureykingar urðu ekki almennar hér á landi fyrr en í síðari heimsstyrjöldinni. Um 1920 var meðalneysla á íbúa um 100 stk á ári en er komin upp í 1500 stk 1977. (1)

Það var fyrst á fjórða áratug þessarar aldar að menn fóru að gruna að einhver tengsl væru milli reykinga og hjartasjúkdóma. English og samstarfsmenn hans athuguðu reykingavenjur hjá 1000 sjúklingum með kransæðasjúkdóma árið 1940 og reyndust stórreykingamenn marktækt fleiri meðal sjúklinga en í samanburðarhóp. (2) Síðan þessar fyrstu niðurstöður um fylgni reykinga og kransæðasjúkdóma birtust hafa fjölmargar rannsóknir staðfest þessa fylgni, en auk þess sýnt fram á jákvæða fylgni með reykingum og mörgum öðrum sjúkdómum s.s. krabbameini í lungum og víðar, magasári, lungnakvefi o.fl. (1)

Hjarta- og æðasjúkdómar eru önnur algengasta dánarorsök íslenskra kvenna. Það er því augljóslega afar mikilvægt að rannsaka helstu áhættuþætti þessara sjúkdóma með það fyrir augum að efla forvarnir gegn þeim.

### RANNSÓKNIR HJARTA-VERNDAR

Hér á landi höfðu ekki verið gerðar neinar faraldsfræðilegar rannsóknir á reykingavenjum kvenna fyrr en í Hóprannsókn Hjartaverndar 1969. Síðan þá hafa reykingavenjur íslenskra kvenna verið kannaðar með stöðluðum aðferðum á nokkurra ára fresti bæði í þessari

rannsókn en einnig í s.k. MONICA-rannsókn sem hófst 1981. (3) Hefur þannig fengist gott yfirlit yfir reykingavenjur íslenskra kvenna sl. 25 ár. Þess ber þó að geta að Hóprannsókn Hjartaverndar nær ekki til kvenna yngri en 34 ára og MONICA-rannsóknin er bundin við aldersbilið 25-74 ára.

### HVERNIG ER REYKINGUM KVENNA HÁTTAÐ?

Hér á eftir skal dregið á nokkur athyglisverð atriði sem komið hafa í ljós í könnunum Hjartaverndar en nákvæmari niðurstöður hafa áður verið birtar í ritum frá Hjartavernd. (1,4)

#### Konur reykja eingöngu sígarettur.

Eins og við mátti búast eru sígarettureykingar yfirgnæfandi meðal kvenna. Aðeins um 0,5% kvenna reykja pípu en 1-2% vindla. Nokkur aukning hefur orðið á vindla reykingum meðal kvenna. (1)

#### Yngstu konurnar - reykja mest

Í öllum áföngum hóprannsóknarinnar hefur það sýnt sig að reykingatíðni er mest meðal yngstu aldershópanna. Þannig reyktu nálægt 50% kvenna í yngsta aldersflokknum (34



Nikulás Sigfússon


ára) 1968-'69 en um 35% í þeim elsta (61 árs). Í MONICA-rannsókninni 1993 reyktu um 36% kvenna á aldrinum 25-35 ára en um 25% á aldrinum 65-74 ára.

#### Flestar reykja um 1 pakka á dag

Algengast er að konur reyki um 1 pakka af sígarettum á dag eða minna.

#### Konur reykja meira en karlar.

Það kom talsvert á óvart að sígarettureykingar eru mun algengari meðal kvenna en karla.



Mynd 1. Sígarettureykingar íslenskra kvenna (1977) og íslenskra karla (1975). (1)

Í fyrsta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar (1967-'69) reyktu um

44% kvenna sígarettur en um 38% - karla. Þetta bil hefur heldur breikkað í síðari áföngum.

Þetta er gagnstætt því sem gerist meðal flestra annarra þjóða því yfirleitt eru sígarettureykingar algengari meðal karla en kvenna. (3)

### Íslenskar konur reykja meira en flestar aðrar

Í MONICA-rannsókn Aþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hafa reykingavenjur verið kannaðar í 40 úrtakshópum í 27 löndum víða um heim. Í þessari rannsókn kom í ljós að reykinga-

reykingatíðni karla sem hefur minnkað um 50%. Meðal kvenna hefur reykingatíðni einnig minnkað en þó mun minna en meðal karla.

Í fyrsta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar reyktu um 44% kvenna á aldrinum 35-61 árs sígarettur. Samkvæmt bráðabirgðatölum úr síðasta áfanga MONICA-rannsóknarinnar 1993 er samsvarandi tala 32% fyrir aldursbilið 28-74 ára.

### HVE HÆTTULEGT ER AÐ REYKJA?

Eins og að framan getur er tíðni flestra sjúkdóma meiri meðal reykingafólks en þeirra sem ekki reykja. Í rannsóknnum Hjartaverndar hefur einkum verið kannað hvert vægi reykinga er sem áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma. Áhættan af reykingum fer vaxandi með vax-

andi magni reykinga. Hjá konum sem reykja meira en pakka af sígarettum á dag er áhættan á kransæðastíflu orðin nærri fimmföld miðað við þær sem ekki hafa reykt.

Hins vegar er áhættuhlutfalið um 1,3 hjá þeim konum sem hafa hætt að reykja svo augljóst er að áhættuaukningin er ekki varanleg, konur sem hætta að reykja minnka þannig sína áhættu niður í svipað gildi og þær sem hafa aldrei reykt.

### LOKAORÐ

Reykingar íslenskra kvenna eru verulegt áhyggjuefni. Ætla má að koma mætti í veg fyrir mörg dauðsföll og margvíslegan sjúkleika ef hægt væri að minnka reykingatíðni svipað og gerst hefur meðal karla.

Tíðni kransæðasjúkdóma hefur lækkað ört meðal karla undanfarin 10-20 ár (um 40%). (5) Telja má fullvíst að þetta megi þakka breytingum til batnaðar á helstu áhættuþáttum þessara sjúkdóma þar á meðal reykingum. Lækkun á tíðni kransæðasjúkdóma hefur einnig orðið nokkur meðal kvenna en ekki eins mikil og meðal karla og er þar vafalaust reykingum um að kenna.

### HEIMILDIR:

- 1) Baldvin P. Kristjánsson, Davíð Davíðsson, Guðmundur Björnsson, Nikulás Sigfússon, Ottó J. Björnsson: Reykingar íslanzkra kvenna á aldrinum 42-69 ára. Hóprannsókn Hjartaverndar 1976-'78. Rit c XXVIII. Reykjavík, 1984.
- 2) J.P. English, F.A. Willius, J. Berkson: Tobacco and coronary disease. JAMA, 115: 1327, 1940.
- 3) Ulrich Keil, Kari Kuulasmaa: WHO MONICA Project: Risk Factors. WHO MONICA Project. Int. J. Epidemiology, 18: 546-555, 1988.
- 4) Baldvin P. Kristjánsson, Davíð Davíðsson, Guðmundur Björnsson, Nikulás Sigfússon, Ottó J. Björnsson, Ólafur Ólafsson: Reykingavenjur íslanzkra kvenna á aldrinum 34-61 árs. Hóprannsókn Hjartaverndar 1968-'69. Rit a XXV. Reykjavík, 1981.
- 5) Gagnabanki Hjartaverndar, MONICA-rannsókn.

**Tafla I.**  
Hlutfall kvenna á aldrinum 35-64 ára, sem reykja sígarettur reglulega (1982-'86). (Úr MONICA-rannsókn). (3)

Novosibirsk (Siberíu)	2,7%
Malta	10,2%
A-Þýskaland	17,5%
Turku-Loimaa (Finnlandi)	17,5%
Brianza (Ítalíu)	18,5%
Perth (Ástralíu)	21,9%
Pecs (Ungverjalandi)	24,3%
Gautaborg	34,5%
Stanford (Bandaríkjunum)	36,8%
Ísland	39,8%
Glostrup (Danmörku)	43,7%
Glasgow	50,2%

Hlutfall kvenna á aldrinum 35-64 ára, sem reykja sígarettur reglulega (1982-'86). (Úr MONICA-rannsókn). (3)

tíðni meðal kvenna var mest í Skotlandi, þar næst í Danmörku en Ísland kom í 3. sæti. Í töflu I er sýndur hundraðshluti kvenna á aldrinum 35-64 ára sem reykja sígarettur í rannsóknarhópum í nokkrum löndum. (3)

### Reykingar meðal kvenna fara minnandi.

Á þessum tuttugu og fimm árum sem Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur fylgst með reykingavenjum Íslendinga hafa orði miklar breytingar á

Gleðilegt  
nýtt ár

**Reynir Tómas Geirsson, prófessor,  
Kvennadeild Landspítalans:**

## Hjarta- og æðasjúkdómar hjá konum og hormónagjöf eftir miðjan aldur

Hjarta- og æðasjúkdómar eru nýir sjúkdómar hjá konum. Þar til fyrir 300-400 árum var óalgengt að konur næðu þeim aldri að blæðingar hættu og það var ekki fyrr en á síðustu áratugum, þegar heilsufar og lífshættir á Vesturlöndum urðu miklu betri í kjölfar efnahagslegra framfara að meiri hluti kvenna þar náði miklu hærri aldri en áður. Nú er meðalaldur kvenna á Íslandi einn hinn allra hæsti í heimi, um 80 ár, og konur lifa því í oft í a.m.k. 30 ár fram yfir tíðahvörf um fimm tug. Á frjósemissskeiðinu varna östrogen-kynhormónin því að konur fái hjarta- og æðasjúkdóma og þau vinna gegn beinþynningu og ýmsum öðrum öldrunareinkennum, einkum í húð, þvagfærum og kynfærum. Mikil breyting verður hinsvegar við tíðahvörf eða eftir fimm tug þegar kynhormónamagn í blóði minnkar mikið. Tíðni hjarta- og æðasjúkdóma eykst þá verulega með hækkandi aldri konunnar þegar verndandi áhrifa östrogenhormóna gætir ekki lengur. Enda þótt velflestar konur verði ekki verulega varar við önnur einkenni en svitakóf og hitasteypur, þá geta hæg-fara breytingar í hjarta- og æðakerfi ágerst hjá sumum og þá í meiri mæli ef konan reykir, hreyfir sig takmarkað eða hefur fjölskyldussögu um hjarta- og æðasjúkdóma. Jafnframt aukinni ævilengd á þessari öld fóru konur því miður mun oftast að reykja. Á Vesturlöndum er áhætta á að fá kransæðasjúkdóma einhvern tímann á ævinni nú talin um um 30% hjá konum og þá fyrst og fremst á

efri árum. Þessa tölu má bera saman við áhættu á brjóstakrabbameini sem er aðeins 2.8%. Kransæðasjúkdómar eru þannig stærsta einstaka dánarorsök meðal kvenna á Vesturlöndum. Það væri því eftir miklu að slægjast ef hægt væri með gjöf kvenkynshormóna að varna alvarlegum sjúkdómum í hjarta- og æðakerfinu og stoðkerfi á þeim rúma þriðjungi æfningar sem meðal konan lifir umfram fimm tug og jafnframt fá þann ávinning að almenn líðan konunnar væri bætt á ýmsan annan hátt með hormónagjöf. Ekki er vafi á því í dag, að þetta er hægt en spurningar vakna um aukaverkanir af hormónagjöfinni og hve lengi og með hvaða hætti best sé að koma henni við.

Fyrst er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hversu öruggt það er að hormónagjöf dragi úr hjarta- og æðasjúkdómum. Athuganir hafa verið gerðar á nokkrum tugum þúsunda af konum í fjölmörgum löndum og þær sýna að þær sem tóku kvenhormón höfðu á nokkurra ára eftirlitstíma a.m.k. 20% og allt að 40% lægri tíðni hjarta- og æðasjúkdóma en hinar sem ekki notuðu hormón og því lengur sem hormónalyf voru tekin því meiri virtust líkurnar á að konurnar gætu sloppið við hjarta- eða æðasjúkdóma (1). Þetta á bæði við um kransæðasjúkdóma og í minni mæli um heilablóðfall(1,2). Áhrifin gætu að einhverju leyti verið viðvarandi þannig að meðferð um nokkurra ára skeið sem síðan er hætt hefur jákvæð áhrif, þó enn sé ekki ljóst í hve miklum mæli. Konur sem hafa áður fengið



*Reynir Tómas Geirsson*

hjartasjúkdóm auka líka töluvert á lífslíkur sínar ef þær hafa notað hormón. Talið er að hin verndandi áhrif verði vegna breytinga á blóðfitum með þeim hætti að hlutfall lágbéttni og háþéttni kólesterólefna (svonefnt HDL og LDL-kólesteról) breytist í þá átt að fituefnin setjist síður í æðaveggi með skemmd á æðapeli og æðakölkun í kjölfarið. Þá hafa kynhormónin líka þau áhrif á æðakerfið að blóðið flæðir betur um æðarnar og þær víkka vegna jákvæðra áhrifa hormónanna á framleiðslu æðavíkkandi efna í æðapeli (3). Blóðþrýstingurinn hefur tilhneigingu til að lækka. Með athugunum á blóðflæði í líkamanum hefur verið hægt að sýna fram á bætt gegnumstreymi blóðs í mörgum æðakerfum líkamans, t.d. í hjarta, þar sem talið er að östrógenhormónin geti aukið blóðmagn og flæði í kransæðum (3). Auk þess verða sykurefnaskipti hagstæðari. Nærri öll form östrogen-lyfja framkalla þessi áhrif í þeim mæli að konan verður hvað þetta varðar í svipuðu ástandi og hún var áður en hún komst í tíðahvörf og hormónaframleiðsla fór að minnka. Undantekningin eru östrógen-lyf sem gefin eru í leggöng, en þau verka að mestu aðeins á slímhúð í leggöngum og á þvagfæri.

Gömul hræðsla við að östrógen-hormón valdi aukinni tilhneigingu til blóðtappa-myndunar er byggð á faraldsfræðilegum athugunum á östrógenefnum sem

notuð voru í getnaðarvarnatöflum, en þau hormón eru búin til á annan hátt og hafa ekki sömu eiginleika að þessu leyti og hormón sem gefin eru við tíðahvörf. Tíðahvarfahormónin eru alveg eins og þau hormón sem myndast í eggjastokkum konunnar, þ.e.a.s. „náttúruleg“. Þessi hræðsla er því ástæðulaus og ekki studd neinum vísindalegum rannsóknum (3).

Fjöldi stærri og smærri athugana, bæði í tilraunadýrum og svo fyrst og fremst meðal tugþúsunda kvenna víða í heiminum, m.a. á Norðurlöndum, hafa því sýnt að gjöf náttúrulegra östrógenlyfja lækkar tíðni kransæðasjúkdóma og heilablóðfalla um 10-70 % eftir því við hvað er miðað, en almennt má segja að lækkun dauðsfalla og veikinda af þessum sökum geti numið allt að helmingi fækkun (1,2,3). Vegna þess hve kransæðasjúkdómar og aðrir æðasjúkdómar eru algeng dánarorsök, mundi lítill en almenn lækun á dánar- eða veikindatíðni hafa mikil áhrif til betri heilsu kvenna hvað varðar hjarta- og æðasjúkdóma.

Þess þarf þó að geta að konur sem taka hormón eða veljast til þáttöku í rannsóknum á hormónagjöf eru oft þær konur sem eru meðvitaðri en aðrar um það sem stuðlar að heilbrigði. Þetta hefur gert læknum og öðrum sem rannsaka þessi mál erfiðara fyrir við mat á niðurstöðum sem fást í meðferðartilraunum. Konurnar gætu fyrir upphaf hormónatöku verið heilbrigðari en hinar sem eru í viðmiðunarhópnum. Það gæti valdið því að ávinningu af meðferðinni sýndist eitthvað meiri en hann er í raun. Engu að síður sýna rannsóknirnar, bæði flestar einstakar og í heild, augljósan ávinning af hormónatöku, eins og m.a. annars hefur sést nýverið í stórrí Bandarískri athugun (4).

Reykingar eru því miður enn alltof algengar meðal íslenskra kvenna. Nærri lætur að ein af hverjum þrem konum reyki eða hafi reykt verulegan hluta ævinnar. Reykingar eru stærsti einstaki áhættuþáttur kransæðasjúkdóma, og sá sem einna auðveldast ætti að vera að

